



## Lög Tollvarðafélags Íslands

### **1. gr.**

Félagið heitir Tollvarðafélag Íslands, skammstafað TFÍ. Félagssvæðið er allt landið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### **2. gr.**

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal tollvarða og beita sér fyrir hagsmunamálum þeirra innan starfs sem utan, meðal annars launakjörum, tryggingum, menntun, vinnutíma, vinnutilhögun, vinnuvernd og öðru því sem stuðlar að almennri velferð þeirra.

### **3. gr.**

Félagsmenn geta þeir einir orðið sem eru fastráðir eða skipaðir tollverðir og vinna tollgæslustörf, svo og þeir sem eru ráðnir tollverðir og hafa lokið fyrri önn Tollskólans og/eða starfað samfellt í 6 mánuði. Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og sendast formanni. Félagsmaður sem hefur sagt sig úr féluginu og sækir aftur um inngöngu í félagið skal senda inn skriflega umsókn til stjórnar félagsins og skal umsókn hans tekin fyrir á stjórnarfundi sem getur vísað ákvörðun til næsta aðalfundar félagsins.

### **4. gr.**

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal haldinn eigi síðar en 15. mars ár hvert og skal til hans boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti til allra félagsmanna, auglýsingum á vinnustöðum og/eða á annan fullnægjandi hátt. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Skýrsla stjórnar og endurskoðaðir ársreikningar liggi frammi félagsmönnum til sýnis a.m.k. fimm dögum fyrir aðalfund. Aðalfundur er lögmætur ef réttilega er til hans boðað.

Tillögur einstakra félagsmanna um breytingar á lögum skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en 1. febrúar. Stjórnin skal leggja fram fyrir félagsmenn allar tillögur að lagabreytingum 7 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er að taka fyrir frekari lagabreytingar á aðalfundi, sem ekki hafa borist í tæka tíð, ef meirihluti fundarmanna samþykkir.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum nema í atkvæðagreiðslum um lagabreytingar. Þá þarf aukinn meirihluta (2/3) greiddra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

### **5. gr.**

Mál sem taka skal fyrir á aðalfundi eru:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins og sjóða á vegum þess
- 5: Úrslitum kosninga lýst
6. Tillögur til lagabreytinga
- 7: Ákvörðun um árstillag

- 8: Kosning í kjörstjórn
- 9: Kosning í laganeftnd
10. Kosning í aðrar nefndir og sjóði
- 11: Kosning skoðunarmanna reikninga
12. Önnur mál.

#### **6. gr.**

Á framhaldsaðalfundi má einungis taka fyrir málefni sem ekki hafa hlotið afgreiðslu aðalfundar skv. dagskrá.

#### **7. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum; formanni félagsins og fjórum stjórnarmönnum, auk tveggja varamanna.

Hlutfallið í stjórninni skal vera þannig að tveir séu úr Reykjavík, tveir séu utan Reykjavíkur og formaður sé óháður starfsstöð. Í varastjórn þannig að einn sé úr Reykjavík og einn sé utan Reykjavíkur.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár. Formaður skal kosinn sérstaklega.

Á því ári sem hefur oddatölu í ártali skal kjósa formann, einn stjórnarmann úr Reykjavík, einn stjórnarmann utan Reykjavíkur og varamann utan Reykjavíkur.

Á því ári er hefur jafna tölu í ártali skal kjósa einn stjórnarmann úr Reykjavík, einn stjórnarmann utan Reykjavíkur og varamann úr Reykjavík.

Gefi stjórnarmaður kost á sér í stöðu formanns skal varamaður taka sæti hans þar til úrslit kosninga liggja fyrir.

#### **8. gr.**

Stjórnin skiptir með sér verkum og skipar varaformann, ritara og gjaldkera stjórnar.

Stjórn félagsins skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði. Boða skal til stjórnarfundar með minnst viku fyrirvara. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að boða stjórnarfund með skemmri fyrirvara. Formanni er skylt að boða til stjórnarfundar innan viku ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess. Sinni formaður ekki slíkri beiðni innan hins tilgreinda frests er stjórnarmönnum þeim sem óskuðu eftir stjórnarfundi heimilt að boða til fundarins með eins sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættur er meirihluti stjórnarmanna. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi, en atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Formaður skal hafa eftirlit með að aðrir stjórnarmenn ræki skyldur sínar. Einnig ber honum að sjá um að nefndir á vegum félagsins hefji störf og skili verkefnum.

Forfallist formaður skal varaformaður taka við störfum formanns og gegna þeim svo lengi sem þörf krefur, eða út kjörtímabilið.

Ritari heldur gerðarbók félagsins og færir í hana allar gerðir þess, lagabreytingar og niðurstöður reikninga. Hann skal annast bréfaskriftir félagsins í samráði við formann.

Gjaldkeri innheimtir ársgjöld og aðrar tekjur félagsins. Hann hefur á hendi fjárhald og bókfærslu, sem að því lýtur, eftir nánara fyrirlagi stjórnarinnar. Sjóði félagsins skal hann geyma á vöxtum í banka, eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Stjórnin öll ber ábyrgð á félagssjóði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Varamenn hafa rétt á að sitja stjórnarfundi og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundi en ekki atkvæðisrétt.

**9. gr.**

Þurfi formaður, stjórnarmaður, varamaður eða trúnaðarmaður að segja sæti sínu lausu áður en kjörtímabili hans lýkur skal hann tilkynna það til stjórnarfundi félagsins og tekur afsögnin gildi um leið og hún hefur verið afgreidd á stjórnarfundi.

Hætti stjórnarmaður áður en kjörtímabili hans lýkur skal varamaður taka sæti í stjórn fram að næstu kosningu. Hætti formaður áður en kjörtímabili hans lýkur tekur varaformaður sæti hans fram að næstu kosningu.

Séu engir varamenn starfandi í stjórn, er kjörstjórn heimilt að auglysa sæti stjórnarmanns og varamanns laus og efna til kosninga. Sama á við um laus sæti trúnaðarmanna.

Sá sem er kjörinn í laust sæti á miðju tímabili er kjörinn til sama tíma og fráfarandi stjórnar- eða trúnaðarmaður var áður kosinn.

**10. gr.**

Stjórn félagsins annast allan rekstur þess milli aðalfunda, þ.á m. ráðningu starfsmanna félagsins, skipan í nefndir og gerð kjarasamninga sem lagðir skulu fram á almennum félagsfundi.

**11. gr.**

Almenna félagsfundi skal halda þegar ástæða þykir til. Fundurinn telst löglegur ef til hans er boðað með minnst fimm daga fyrirvara. Þó hefur formaður heimild til að boða almennan félagsfund með styttri fyrirvara ef nauðsyn krefur. Til almennra félagsfunda skal boða með tölvupósti til allra félagsmanna eða á annan fullnægjandi hátt, s.s. með auglysingu á vinnustöðum. Fundir skulu fara fram samkvæmt lögum og fundarsköpum félagsins.

Formaður boðar til funda og stjórnar þeim. Þó skal formanni heimilt að skipa fundarstjóra, telji hann ástæðu til. Tíu félagsmenn eða fleiri geta krafist fundar á þann hátt að formanni er send skrifleg áskorun um slíkt ásamt upplýsingum um tilefni fundarins og væntanlegar tillögur, með minnst viku fyrirvara. Er þá formanni skyld að boða til fundarins.

**12. gr.**

Á hverju ári skal kjósa two trúnaðarmenn, einn úr Reykjavík og einn utan Reykjavíkur, sem sitja til tveggja ára.

**13. gr.**

Þriggja manna kjörstjórn, auk tveggja varamanna, skal kosin til tveggja ára á aðalfundi á því ári sem hefur oddatölu í ártali. Kosning skal fara fram með beinni kosningu og ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Kjörstjórnarmenn skulu ekki eiga sæti í aðalstjórn.

Kjörstjórn skiptir með sér verkum, sem eru: formaður, ritari og meðstjórnandi. Kjörstjórn skal halda gerðabók um allt er varðar kosningarnar hverju sinni. Allar kærur út af kjörskrá eða kosningu skal kjörstjórn úrskurða og greina frá þeim á aðalfundi. Kærufrestur rennur út tveimur sólarhringum fyrir aðalfund og skulu allar kærur afgreiddar fyrir fundinn.

**14. gr.**

Stjórn félagsins skal gera kjörskrá og miðast hún við næstu áramót fyrir kosningar.

Hún skal vera tilbúin fyrir 10. janúar og til sýnis ef óskað er. Á kjörskrá skulu vera nöfn og kennitala allra þeirra félagsmanna sem hafa kosningarétt og kjörgengi. Allir félagsmenn hafa kosningarétt og kjörgengi séu þeir skuldlausir við félagið og hafi þeir ekki brotið af sér við það á annan hátt. Allar kærur út af kjörskrá skal kjörstjórn úrskurða.

Kosning skal fara fram áður en aðalfundur er haldinn og skal hún vera rafræn. Rafræn atkvæðagreiðsla skal framkvæmd þannig að þeim er kosningarétt hafa er sendur aðgangslykill að rafrænum kjörseðli með tölvupósti. Kosning skal vera opin í allt að sjö daga.

Framkvæmd skal hagað þannig að öllum tollvörðum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn. Ef út af ákvæðum þessarar greinar um tilhögun kosninga er brugðið er kosning ógild. Framboð standa þó óbreytt, þótt endurtaka þurfi kosninguna, nema þyngri viðurlög séu í öðrum lögum.

## 15. gr.

Kjörstjórn ber að vekja athygli félagsmanna á væntanlegum kosningum, framboðsfresti og öðru sem máli skiptir varðandi kosninguna eigi síðar en 15. desember ár hvert. Kjörstjórn skal sjá um allan frágang og sendingu kjörgagna til félagsmanna.

Kjörstjórn auglýsir eftir framboðum í formennsku, stjórn, varastjórn og stöður trúnaðarmanna. Frestur til að skila framboðum til kjörstjórnar skal vera til 31. janúar. Komi ekki framboð um fleiri menn en kjósa á eru þeir sjálfkjörnir. Framboð skulu sendast á kjörstjórn, vera skrifleg og skal meðmæli minnst eins félagsmanns fylgja. Sitjandi formaður og aðrir stjórnarmenn eru alltaf í kjöri, nema þeir biðjist skriflega undan því til kjörstjórnar. Ákveði sitjandi formaður eða aðrir stjórnarmenn að gefa ekki kost á sér til endurkjörs skulu þeir tilkynna það til kjörstjórnar fyrir 15. janúar. Ekki eru aðrir í kjöri en á kjörseðli eru enda komi þar fram öll lögmæt framboð.

Nöfnum frambjóðenda skal raða í stafrófsröð. Ekki getur sami maður verið í framboði nema á einum stað við kosningu formanns og annarra stjórnarmanna. Ekki má greiða fleiri mönnum atkvæði en kjósa skal, en greiða má færri mönnum atkvæði.

Atkvæðagreiðsla skal lokið eigi síðar en 48 stundum fyrir aðalfund. Að kosningu lokinni skal kjörstjórn birta úrslit kosninganna og jafnframt skulu úrslit kunngerð á aðalfundi. Séu atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða úrslitum.

Formaður eða fundarstjóri lýsir úrslitum kosninga er fram hafa farið undir stjórn kjörstjórnar. Nýkjörin stjórn tekur við stjórnarstörfum að fundi loknum.

Frambjóðandi getur gert athugasemd við niðurstöður kosninga eða óskað eftir því að skoða niðurstöðurnar í samráði við kjörstjórn. Allar athugasemdir um niðurstöður kosninga skal senda til kjörstjórnar.

## 16. gr.

Þriggja manna laganeftnd skal kosin til tveggja ára á aðalfundi á því ári sem hefur oddatölu í ártali. Kosning skal fara fram með beinni kosningu og ræður einfaldur meirihluti úrslitum.

Laganeftnd fjallar um breytingatillögur í samráði við stjórn félagsins. Niðurstöður laganeftndar og stjórnar skal leggja fyrir aðalfund til samþykktar.

## 17. gr.

Two skoðunarmenn reikninga félagsins skal kjósa á aðalfundi. Kosning skal fara fram með beinni kosningu og ræður einfaldur meirihluti úrslitum.

**18. gr.**

Stjórnin velur fulltrúa á þing B.S.R.B. Kjörtímabil fulltrúa fer eftir lögum bandalagsins.

**19. gr.**

Heiðursfélaga má kjósa á aðalfundi, þó því aðeins að stjórn félagsins flytji um það tillögu. Heiðursfélagi hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Einnig hefur hann atkvæðisrétt jafn lengi og hann gegnir störfum. Heiðursmerki má aðeins veita á aðalfundi, þó aðeins af stjórn félagsins, og eftir að orðunefnd hefur gert um það tillögu til stjórnar. Stjórnin setur nánari reglur um veitingu heiðursmerkja.

**20. gr.**

Allir félagsmenn eru skyldir til að hlýða lögum félagsins og fundarsamþykktum og uppfylla samninga sem það hefur gert við ríkið og aðra. Ef félagsmaður er sakadur um brot á lögum þessum, eða á annan hátt hefur unnið féluginu tjón, skal stjórn félagsins taka málið til meðferðar, kynna sér öll málsatvik og leggja málið síðan fyrir lögmætan félagsfund sem tekur endanlegar ákvarðanir. Sakir við félagið varða brottrekstri um óákveðinn tíma, og fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar. Vangreiðslur á félagsgjöldum í eitt ár varða brottrekstri úr féluginu.

**21. gr.**

Kaup eða sala félagsins á fasteignum svo og ákvörðun um aðrar meiriháttar fjárhagslegar ábyrgðir fyrir hönd félagsins skal bundin samþykki aukins meirihluta (2/3) greiddra atkvæða félagsmanna, í allsherjar rafrænni atkvæðagreiðslu að loknum kynningarfundi um málefnið. Meiriháttar fjárhagslegar ábyrgðir teljast, veðsetning á 10% eða meir af bókfærðum eignum félagsins skv. síðustu ársreikningum eða aðrar skuldbindingar jafnstórar. Heildarveðsetning má aldrei fara yfir 25% af bókfærðum eignum félagsins skv. síðustu ársreikningum, nema til komi samþykki í allsherjar rafrænnar atkvæðagreiðslu að loknum kynningarfundi um málefnið.

**22. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Lög þessi öðlast gildi við samþykkt. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.